

Birgitta Jónsdóttir



ÉG



-Maurice Peterson, New York: USA

Ljóð Birgittu Jónsdóttur færir ljóðið til hins nýja árpúsunds með fingerðum stíl og tilfinningaþunga. Sjaldan hefur listamaður sýnt eins mikla snilld með orðum og myndum. Ef lífið er þér kært, þá muntu elska verk Birgittu.


-Aleksi Aaltonen, Helsinki: Finnland

Það er mín einlæga skoðun að Birgitta sé einn af fremstu margmiðlunar listamönnum nútímans. Hin ótrúlega dýpt, styrkur og á sama tíma viðkvæmni í ljóðum hennar, tónlist og listaverkum er gáskafull, sterk og afar persónuleg.

-Elisabeth Belile, Texas: USA

Tungumálið í ljóðum Birgittu er þrungið töfrum og gneistum. Það gefur til kynna dýpt og skírleika og er hlaðið leyndardómum goðsagna. Ljóðin eru atburðir í sjálfum sér, ferðalag frá myrkri til birtu. Hún gefur ótakmarkað af gleði sinni. Hvort heldur töluð, gefið líf á Internetinu eða skrifuð, vekja orð hennar djúpan skilning innra með manni um að allt sé í lagi, að við séum eitt með alheiminum, að ástin sé það sem skiptir máli.

Birgitta Jónsdóttir



Æ v i á g r i p

Birgitta hefur búið víðsvegar um heiminn og verið virkur þátttakandi í bókmennta, lista, tónlistar og netheimum.

Listaverk eftir hana má finna í opinberri eigu og meðal safnara hérlandis og í BNA.

Ljóð Birgittu hafa verið þýdd á tólf tungumál.

Verk hennar má finna í safnbókum, dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi í BNA, Englandi, Japan, Kólumbíu, Marokkó, Þýskalandi, Nígeríu, Kanada, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Rúmeníu og víðar.

Hún telst til listrænna frumkvöðla í þeim gjörningi að koma bókmenntum og listum á Internetið og stóð fyrir fyrstu beinu myndbandsútsendingunni á netið frá Íslandi árið 1996 undir heitinu "Drápa".

Birgitta hefur starfað sem ritstjóri, greinahöfundur, ljóðskáld, listamaður, blaðamaður, rithöfundur, veflistamaður, söngkona, útgefandi og því hefur hún eintatt verið skilgreind sem fjöllistakona þó enn hafi hún ekki starfað í sirkus.

<http://kameljon.blogspot.com>
<http://birgitta.blog.is>
<http://this.is/birgitta>
<http://joyb.blogspot.com>

ÉG

Beyond Borders
Smákverasafn #3



Reykjavík, Ísland 2005
poems@this.is

Gúrúinn minn

Björt heiðrikja
í frumskógi
óleystra lífsgátna.
Ég svíf til þín dreymandi svefnengill
sef í faðmi þínum.

Sál þín
er bjartara
sterkara en mín.
Ég skrið undir vænginn þinn,
gef þér vilja minn.

Hvísla væntingum mínum.
Viltu smakka á ávöxtum lífsins fyrir mig
mata mig svo aðeins þeim sætustu?

Ég finn öryggi,
ég þori að opna mig,
allt mitt líf flæðir inn í þig.

Þú blómstrar,
þú geislar,
í heilagleika þínum.

Ég er ekki lengur ég
heldur dauf eftirmynd
af ljóma þínum.

Sál mín þyrst og sjúk af
áhættuleysi,
rýfur sig úr hinum sjálfsköpuðu viðjum.

Gildi þín
hrynjandi spilaborgir
inni í mér.

Geng um frumskóga lífsins.
Berskjölduð.
Bragða á framandi ávöxtum reynslunnar.
Eftirbragð þitt
loðir ekki lengur við bragðlaukana.

Ég hverf á braut
frá þér.

Til að finna mig.





Stillimynd

Þau sögðu mér með rödd,
sem ég nam úr miðju loftsins.
Að ég ætti að fara út úr mér,
nema mig með augum annarra.


Ég barðist í eina nótt við draumana.
Í einn dag við veruleikann.

Tók brothætt líf mitt
setti það í kristalkúlu
nútíðar.

Sé lífið í gegnum glerveggi.
Þjóta hjá í tímalausri stillimynd.



Sálarlindir



Uppsprettu
tilfinningavatnsins
er að finna við
sálarlindir

Vatn mitt er ekki stillt
heldur ólgandi
og freyðandi

Rennur yfir bakka sína
Blandast nærliggjandi lindum

Kannski er ég litrík

kannski mála ég loftið
með dularfullum orðum

Kannski tekst mér að fá þig
til að brosa beint frá hjartanu

Kannski verð ég ástfangin
af öllu sem ég sé
Einfaldlega vegna þess
að ást mín
hefur enga merkimiða á sér
hún bara er

Kannski dansa ég
í skugga þekkingar
Dansa ég uns ég fell

Ég er fífl fíflanna
eins gömul og jörðin
eins ung og hið ófædda
Aldrei leitandi
aðeins verandi
uns ég er ei meir

Eftir standa auðmjúkir
skuggar mínir
sem ég hef skapað
til að elta mig inní eilífðina

Konan með stálbakið

**Hún gengur reist
með járntein reynslunnar
reyrðan við bakið
þrammar yfir ófærur
án hiks eða ótta
Í baki hennar er fólgjó þor þeirra
sem allt hafa séð**

**Augun opin óvarin
fyllast sandi, blóðlitast
Hún arkar reist
með vindinn sér við hlið**



Ármynd

Ég horfi á mig
í dökkum brotnum spegli.
Myndin sem blasir við
þrungin sterkum dráttum,
skýrum litum.

Vonarlitur
hjúpar sig um höfuðið.
Ástríðuliturinn fellur
í þungum dropum um
nakinn líkamann.
Græn slæða flæðir
frá hjartanu
vefur sig um mig
heit
græðandi.

Svartur sorgarhjúpur
drjúpandi krækiberjatár
með dimmbláum skugga.

Litur einfeldninnar
blæðir inn í hina litina.
Og sama hve mjög ég reyni
að nudda honum af,
þá verð ég aðeins
hvítari
gagnsæjari.

Ég hristi mig
hræri upp í mér
litirnir blandast saman.
Og ég verð marglitt gagnsætt
regnboga kameljón.

Skuggamyndir

Ég er stödd í djúpum helli.

Hver mynd sem endurkastast
frá hrufóttum veggjunum
er nákvæm eftirmynd væntinga minna.

Rödd efans endurvarpast um hellinn.


Komist ég útúr hellinum
mun rödd efans fylgja mér?
Er hún samofin tónstiga lífsins
eða falskur tónn ?

Ég svamla við útganginn.

Finn löngu gleymt brot
sálu minnar.
Það er gagnsætt og fordómalaust

Ég er ljósofin
líkaminn ekki lengur byrði.

Birta flæðir inn í dimman hellinn.
Þar sem atgervi mitt fæddist og dó.



Ljóðabréf frá Danaveldi

Hæ kæra vinkona.

Ég sit uppi á þaki á appelsínugulri gardínu
kötturinn Garpur er kátur í kjöltu minni.
Við hlustum með sitt hvoru skyninu á fuglana.
Mest ber á hanaanum sem galar þegar honum sýnist.

Hundurinn horfir
með sakbitnu látbragði leikarans
upp til okkar.

Í túngaflinum skjóta fíflar upp skærgulum kollum
og arfinn er marglitur.
Innan veggja hússins er kyrrð einangrunar
jafn marglit og garðurinn.

Við valhoppum inn í sali gleðinnar
sem stundum eru þrungnir kæfandi hryggð.
Angan af bleki og nýhöggnum pappír kitla vit.
Þungur ilmur olíunnar litar loftið.
Raddir forfeðra strá kunnugleika
í áður ókunnugt andrúmið.
Ég velti fyrir mér tilgangi saknaðar.

Leggst í himnasængina hlusta á hjartslátt einveru.
Skil í eitt opið andartak að
fjöllin sem áður byrgðu mér sýn,
opnast og kalla á mig.
Endalaus smáatriði verða skýr
og taka á sig lit saknaðar
Þetta slær glýju í auga mitt í eitt opið andartak.
Meðan ég í raun sakna einskis.

Bless Bless
þín *Argitt*

p.s.
Ferðatöskurnar liggja hálffullar
og vængirnir í formi flugmiða.

Stormur

Það er stormur inni í mér.
Feykir harðhentur burt
hinu forgengna.
Sáir ferskum minnum
þess í stað.

Hann laumast út.
Skilur eftir ládeyðu
og litlaust logn.
Hugur hægist,
hjartað slær svo lágt
að það heyrir varla.

Enn á ný stend ég í framandi fjöruborði,
falast eftir harðhentum ferskleika stormsins.

Hillingar

Brosandi gekk ég á móti þessu ómögulega,
lagði það að velli
með hugarorku minni.

Ég synti yfir hafið
með allar byrðar mínar,
bundnar kyrfilega við bak mitt.

Í jökulköldum sjónum,
leystust festingarnar
og byrðarnar
sigldu hver sinn veg.

Er ég var að þrotum komin
er ég grilla í land.
Ég neytti minna
síðustu krafta
til að komast
í snertingu
við stöðugleikann.

Ég fann faðm þinn opnast á móti mér.
Þrautir mínar
hurfu jafn hratt
og þær urðu til.
Þú jóst mig orku þinni
uns ég fann enga eirð lengur.
Ég hljóp við fót
á móti lífsins andbyr.

Brosandi,
vitandi,
að bak við fjöllin háu
bíða mín ævintýr,
sem þrjár mínar móta og skapa.

Ljóð, listaverk og ljósmyndir © 2005 Birgitta Jónsdóttir

Teikning á baksíðu © 2005 Maurizio di Bona

Öll réttindi áskilin.

Fyrsta prentun

Heimsækið Womb of Creation, verðlaunavef

Birgittu til að skoða fleiri listaverk og ljóð eftir hana.

<http://this.is/birgitta>

Til að fá lista yfir útgefin verk Beyond Borders

farið á vef útgáfunar

<http://this.is/poems>

Beyond Borders

552 1742

692 8884

poems@this.is

Þessi bók er handunnin í 44 eintökum

Þetta er bók númer